


Hvernig mælum við fyrir nýju loki?

Hér á eftir förum við yfir það helsta sem þarf að huga að þegar mælt er fyrir nýju loki á pottinn þinn. Ef potturinn fellur ekki undir eitthvað af þeim lýsingum sem hér eru þá getum við sér sniðið lok fyrir þig. Það skiptir ekki máli hver lögunin er eða hvort hátalarar eru á pottinum eða eitthvað annað við hjálpum þér að koma loki á pottinn.

1. Best er að mæla pottinn sjálfan frekar en gamla lokið. Lokið getur undið sig eða aflagast með tímanum.
2. Þegar heildarlengd og breidd eru mæld á pottinum þá skal gefa málin upp í heilum tölum það er að segja að hækka mælingu í næsta heilu tölu.
3. Ef það eru einhverjar séróskir varðandi lokið þá er mjög hjálplegt að fá myndir sendar sem útskýra málin frekar.


Frístandandi pottur

Algengasta gerð potta er eins og sýnd er hér á myndinni, lok fyrir þessa potta er nokkuð þægilegt að mæla og er það gert þannig að heildar lengd og breitt pots eru mæld.



Svuntan

Svuntan á lokinu er ætluð til að hlífa pottbrúninni fyrir útfjólubláum geislum sólar og flest lok eru hönnuð eins og myndin sýnir hér að neðan. Stöðluð svuntusídd eru 7 cm en við getum sérsniðið svuntur að óskum hvers og eins allt frá því að hafa enga svuntu í hvaða sídd sem er frá 5 cm.



Hvernig mælum við radíusinn á pottum með rúnnuð horn

Ef hornin eru rúnnuð þá þarf að mæla radíusinn. Besta leiðin til að mæla radíusinn er að bera vinkel að horninu eins og myndin sýnir hér að neðan. Fjarlægðin frá horninu á vinklunum (A) að þeim stað sem vinkillinn snertir pottinn (B) er jafnt og radíusinn á horninu.

